

Borgarráð

Uppbygging í Arnarbakka og Völvufelli

Lagt er til að borgarráð feli skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að annast viðræður og samningsgerð við eigendur fasteigna að Arnarbakka 2-6 og að Völvufelli 11-21 með það að markmiði að flýta fyrir uppbyggingu og endurnýjun á þessum svæðum. Annað hvort að semja um hlutdeild í skiptingu virðisaukningar, sem að verður til vegna mögulegrar aukinnar uppbyggingar, vegna breytinga á notkun í kjölfar mögulegra skipulagsbreytinga eða taka þátt í kaupum á eignum. Náist samningar er stefnt að því að hefja skipulagsbreytingar á lóðunum í kjölfarið.

Greinargerð:

Í hverfaskipulagi sem er í vinnslu fyrir Breiðholt koma fram hugmyndir að auknum byggingarheimildum á þessum lóðum og mögulegri breyttri notkun. Á þessum svæðum er eignarhald á hendi margra. Frumkvæði Reykjavíkurborgar að samningaviðræðum og breytingum á deiliskipulagi gæti leitt til hraðari uppbyggingar á þessum svæðum, betri nýtingu og bættri ásýnd.

Dagur B. Eggertsson